



C 4/2022

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin

Nefndarálit eftirlitsnefndarinnar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar Danmerkur um endurskoðun á ársreikningum og starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar 2021

Tillaga

Eftirlitsnefndin lítur það mjög alvarlegum augum að Ríkisendurskoðun setji fyrirvara við eftirfarandi hjá Norrænu ráðherranefndinni:

- verkferla og innra eftirlit, þar sem verkferlum og innra eftirliti er enn ábótavant og fjármálastjórnun í verkefnum og fjármögnun faglegrar stjórnunar er ófullnægjandi.
- úthlutun fjárveitinga og stjórn opinberra styrkjakerfa þar sem Ríkisendurskoðun hefur ekki getað staðfest að ákvarðanir séu teknar í samræmi við stjórnsýslureglur þar sem gögn hefur skort. Jafnframt hefur ekki verið unnt að komast að niðurstöðu varðandi opinber styrkjakerfi þar sem verkferlum og kerfum sem ætlað er að fylgja því eftir að styrkir séu nýttir með árangursríkum hætti og uppfylli samfélagsleg markmið er ábótavant.

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð kynni sér skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun á ársreikningum og starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar 2021

og

Norðurlandaráð óski eftir því við Norrænu ráðherranefndina að eftirlitsnefndin verði áfram upplýst reglulega um það hvernig Norræna ráðherranefndin fylgi tilmælum Ríkisendurskoðunar

Bakgrunnur

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir reikningsárið 2021.

Ábyrgð á endurskoðun vegna norrænna stofnana er hjá ríkisendurskoðun í því landi þar sem stofnunin hefur bækistöðvar sínar. Í endurskoðunarskýrslunni eru engar athugasemdir aðrar en að tölur um fjárhagsáætlun NAPA vantar, líkt og fyrri ár.



Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Í skýrslu sinni nefnir Ríkisendurskoðun að endurskoðunin sé framkvæmd með það fyrir augum að:

1. meta hvort komið hafi verið upp verkferlum og innra eftirliti
2. ákvarða hvort ársreikningurinn sé réttur
3. staðfesta hvort settum römmum um opinbera fjármögnun sé fylgt

Ríkisendurskoðun setur fyrirvara varðandi liði 1 og 3. Ríkisendurskoðun kemst þó að þeirri niðurstöðu um lið 2 að ársreikningurinn gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að að niðurstaðan samræmist fjárhagsreglum og verklagsreglum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ástæður fyrirvara Ríkisendurskoðunar eru:

- Hvað viðvíkur verkferlum og innra eftirliti að ekki hafi verið innleitt skilvirkt verklag og innra eftirlit stóran hluta reikningsársins. Jafnframt hefur fjármálastjórnun í verkefnum og fjármögnun faglegrar stjórnunar verið ábótavant.
- Hvað viðvíkur römmum um opinbera fjármögnun. Í tveimur lögfræðilegum skýrslum um annars vegar úthlutun styrkja og hins vegar stjórnun opinberra styrkjakerfa hefur ekki verið hægt að staðfesta að úthlutanir séu í samræmi við reglur eða að styrkir séu nýttir með árangursríkum hætti.

Á fundi eftirlitsnefndar hinn 13. júní 2022, þar sem fulltrúar frá Norðurlandaráði greindu frá stöðu vinnunnar við reikningshald og tengdar aðgerðir, var nefndin fullvissuð um að tekið verði á þessu máli og að það verði í meginatriðum leyst þegar ársreikningur fyrir árið 2022 verður lagður fram.

Sjónarmið eftirlitsnefndar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun telji að ársreikningar 2021 gefi réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu.

Síðastliðin ár hefur eftirlitsnefndin fylgst vel með stjórn Norrænu ráðherranefndarinnar og reglulega fengið upplýsingar um árangur vinnunnar í tengslum við reikningshald, verkefnastýringu o.fl. Undir þetta fellur einnig yfirferð á lögfræðilegu skýrslunum tveimur. Því er mikilvægt að nefna að í gegnum reglulegt samtal við Norrænu ráðherranefndina og upplýsingar frá Ríkisendurskoðun má greina skýrar og miklar úrbætur í þessum atriðum á árinu 2022 og þess er vænst að ársreikningur fyrir árið 2022 verði mun betri.

Eftirlitsnefndin skráir hjá sér tilmæli Ríkisendurskoðunar um að Norræna ráðherranefndin:

- *Komi á verkferlum og innra eftirliti sem tryggir fjárhagslega stjórnun innri verkefna Norrænu ráðherranefndarinnar. Þannig lágmarkar Norræna ráðherranefndin hættuna á að fé liggi í verkefnum sem ætti að vera lokið.*
- *Jafnframt mælist Ríkisendurskoðun til þess, líkt og fyrri ár, að sérstakur ársreikningur verði lagður fram fyrir skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar*



svo hægt sé að stýra vilyrðum og úthlutunum til verkefna skrifstofunnar til jafns við önnur.

Norðurlöndum, 22. ágúst 2022

Anders Kronborg (S)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (M)

Maria Stockhaus (K)

Per-Arne Håkansson (S)

Heli Järvinen (M)

Tobias Drevland Lund (NGV)